

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

## smurstöðvar

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur smurstöðva.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

### 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. úrgangsolíutunnur og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu. Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003	

### 3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
	Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
	Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olúgildrum.	550/2018 og rgl. nr. 798/1999	
	Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1999 5. gr.	

Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, ísogsefni, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.	798/1999 5. gr.	

#### 4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

	Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1 Olíutankar þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, með síðari breytingum.	884/2017	
4.2 Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra, í viðurkenndum tönkum og tunnnum, skulu þau vera á öruggum stað með ákeysrsluvörn skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem Heilbrigðiseftirlit samþykkir.	884/2017	
Öryggisblöð fyrir merkingaskýld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	

#### 5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 3. gr. og rgl. nr. 806/1999 5. gr.	
Ganga skal frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætta á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016	
Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

##### Starfsleyfisráðgjafi eiga sér m.a. stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

##### Atvinnugreinaflokkur (ISAT)

